

Nd.

425. Frumvarp til laga

[233. mál]

um breyting á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Hannes Baldvinsson, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar:

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur af götum í þéttbýli.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og þau gögn, er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið þyrnir í augum sveitarstjórna í snjóþungum héruðum landsins, að þeim er gert að greiða söluskatt af þeirri óhjákvæmilegu þjónustu að ryðja snjó af götum í þéttbýli að vetrarlagi. Gildir þar einu hvort notaðar eru vinnuvélar í eigu viðkomandi sveitarfélags eða verktaka sem lögum samkvæmt ber að innheimta söluskatt af leigu vinnuvéla sinna.

Skattheimta þessi kemur mjög misjafnlega þungt niður á hinum ýmsu sveitarfélögum og er óréttlát vegna þess að hún kemur þyngst niður á þeim er búa fyrir við veruleg óþægindi og aukakostnað, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja byggð í snjóþungum landshlutum. Tilraunir sveitarstjórna til að ná fram leiðréttingu þessara mála hafa fram til þessa ekki borið árangur og því borið við meðal annars, að til þess skorti heimildir í lögum.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er opnuð leið til að endurgreiða sveitarfélögum söluskatt, sem sannanlega hefur verið goldinn af kostnaði við snjómokstur, og með því móti stigið skref í átt til þess að jafna skilyrði til búsetu hvar sem er á landinu.